



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta og virðing.	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deildanna	4
3 Ytra mat	23
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
6 Foreldrasamvinna.....	24
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2019 - 2020	24
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2020 – 2021	25
9 Fylgigögn.....	26
9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	26

Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta og virðing.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Námsárið 2019 – 2020 einkenndist að framkvæmdum, stöðuleika starfsmanna á deildum og óvissutímum. Verkfall Eflingar í byrjun febrúar leiðir til allsherjar verkfalls 17. febrúar en endar 10. mars, hefur mikil áhrif á starf leikskólans þar sem þrjár deildir af fimm voru lokaðar. Þá var starf leikskólans ekki komið af stað þegar heimsfaraldur COVID – 19 skellur á landið og hættuástandi lýst yfir. Við tók mikill óvissutími þar sem börnum og starfsfólki var skipt uppí hópa þannig að fjöldi einstaklinga var takmarkaður á hverjum degi.

Þrátt fyrir þetta var ekki setið með hendur í skauti, ákveðið var að fara yfir og endurskoða þær skráningar sem notaðar eru í leikskólanum. Við fengum við Ásdísi Olgu Sigurðardóttur frá leikskólasviði SFS í lið með okkur til að fara yfir starfsáætlun Bakkaborgar. Ástæða þess var að við vildum einfalda og fækka matsþáttum, leggja meiri áherslu á að fara á dýptina. Í kjölfarið á þessu þá ákváðum við að fá Ásdísi Olgu á deildarstjórafund þar sem farið var yfir áætlun leikskólans frá síðasta ár. Þar kom í ljós að sú námskrá tók á of mörgum þáttum og var því ákveðið að leggja áherslu á félagsfærni og sjálfsefningu en þeir þættir tengjast Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Deildarstjórar fengu góðar leiðbeiningar um gerð starfsáætlunar frá Ásdísi Olgu. Það er von okkar og trú að starfsáætlunin verði meira lifandi plagg inná deildum eins gert er ráð fyrir, en hefur því miður ekki gengið nógu vel. Nú teljum við að með því að einfalda námskránna og matsþætti verði það auðveldar fyrir kennara okkar að meta.

Þar sem reynsla sýndi okkur að leikföngum var skipt niður á daga á meðan COVID – 19 stóð sem hæst, var ákveðið að halda framboði á leikefni áfram í skefjum eftir að daglegt starf komst í „rétt“ horf. Lagt var upp með að ígrunda hvaða leikefni væri verið að bjóða börnunum uppá og skipta frekar oftár út.

En því miður þá settu þessar fordæma lausu aðstæður strik í reikninginn á starfið hjá okkur, sem leiddi meðal annars til þess að fundir og eftirfylgd með Leikur að læra var frestað um óákveðinn tíma.

Við fengum niðurstöður starfsmannakönnunar og þar höfðum við dalað frá síðustu könnun. Þar sem tveir starfsdagar féllu niður á þessari önn, eigum eftir að kynna niðurstöðurnar fyrir öllum starfsmönnum og vinna saman að endurbótum. Þar sem við förum yfir: hvar erum við að koma mjög vel út, hvar erum við að lækka, hversvegna gengur vel og hversvegna gengur ekki vel og leiðir til úrbóta.

Það sem gladdi okkur öll voru framkvæmdir á Álfhóli og Trölladyngju þar sem hiti var settur í gólf, skipt um golfdúk og málað. Á yngri deildum voru fatahólfir færð neðar þannig að börnin ættu auðveldara með að ganga frá og pallar keyptir sem auðveldar það enn frekar.

Þá fengum við nýja stóla á allar deildir og borð voru lækkuð á yngri deildum.

Að auki komum við sturtunni í gagnið fyrir starfsmenn þar sem þeim hefur fjölgað sem koma hjólandi til vinnu og er það gleðilegt :-)

2 Innra mat deildanna

Bakki

Í ágúst 2019 opnaði ungubarnadeild á Bakka, yngsti nemandinn sem byrjaði var 10 mánaða og elsti 17 mánaða. Nýr starfsmannahópur hóf samstarf og helstu markmið í upphafi skólaárs voru að öðlast traust, vellíðan barna, foreldra og starfsfólks og nán foreldrasamvinna.

Lýsing, styrkleikar, tækifæri til umbóta.

Málörvun

Fastur liður í samverustund sem er bæði fyrir og eftir hádegi er bókalestur, bók vikunnar - loðtöflusaga vikunnar. héldum áfram að nota tákn með tali, notum í flestum stundum þó sérstaklega við matarborðið og í samverustund. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með því þegar þau nota táknin til að tjá sig í almennu tali þegar orðaforðinn á íslensku er ekki kominn. Þetta hefur orðið áberandi með vorinu og augljóst að þetta er mikil málörvun.

Flæðilesturinn er líka orðinn fastur liður í hópastarfi, einu sinni í viku. Flestir krakkarnir bíða spennti eftir að fá að setjast í fangið á lesaranum og fá bókina lesna eftir að hún er lesin fyrst fyrir allan hópinn.



Heilt yfir litið er nokkur munur á málþroska barna sem hafa íslensku sem fyrsta mál og þeirra sem eru tvítyngd. Almennst er líka nokkur munur á málþroska barnanna. Það er því ljóst að við þurfum að vera enn markvissari í málörvun á deildinni.

- **Styrkleikar:** Bókalesturinn í samverustundum tók breytingum eftir því sem leið á veturinn, mjög einfaldar bækur í upphafi en nú í vor gátum við lesið bækur með nokkuð samfelldum texta, sérstaklega fyrir eldri hópinn. Það sýnir framfarirnar sem hafa orðið í hópnum. Margt ávinnst með þessum stundum fyrir utan augljósa málörvun, þau læra að fara eftir reglum, taka tillit til hvors annar og margt fleira.

Flæðilesturinn

byggir að miklum hluta á endurtekningum, þegar stundin er liðin hafa börnin heyrt söguna endurtekna og táknin endurtekin nokkrum sinnum.

- **Tækifæri til umbóta:** Við ætlum að halda áfram með bókalesturinn í samverustundum og flæðilesturinn næsta vetur. Til viðbótar ætlum við að nýta okkur myndakippu sem við berum á okkur til að tengja enn betur orð við athafnir. Einnig ætlum við byrja að nota Gefðu 10! aðferðina.



Grófhreyfing

Útivera og hreyfistund í Sælukot þegar ekki viðrar vel hafa nýst vel til að æfa grófhreyfinguna, sérstaklega nýtast vel hólarnir fyrir framan rólurnar. Við höfum leikið okkur mikið þar í alls konar

eltingarleikjum. Nokkur börn eru ekki byrjuð að ganga þegar þau byrja á Bakka og hefur þessi stund styrkt þau til gangs.

- **Styrkleikar:** Hæfni barnanna eykst jafnt og þétt yfir veturinn auk þess sem þetta er skemmtileg stund þar sem ærslaleikurinn fær útrás.
- **Tækifæri til umbóta:** Þetta er orðinn fastur liður í starfi deildarinnar og höldum við ótrauð áfram næsta vetur.

Frjáls leikur

Stefnt var að því að auka leik barnanna með holukubbum með það að markmiði að þau nýttu þá í frjálsum leik og lærðu að taka tillit til hvors annars.



- **Styrkleikar:** Fljótlega eftir að ungarnadeildin opnaði kom í ljós að börnin hafa ekki styrk til að leika með holukubbana. Við minnkuðum því áhersluna á þá og settum inn í staðin plastdósir með misstórum götum sem þau flokka hluti ofaní. Einnig er mikið úrval af verðlausum dósum og hlutum sem nýtist vel í frjálsum leik.
- **Tækifæri til umbóta:** Við höldum áfram með þennan frjálsa leik næsta vetur sem hluta af daglegu starfi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Tenging við næringsfélagið og nærumhverfið	Börn ná í ávexti upp í eldhús á morgnana	Útbúum eyðublað með skipulaginu, nöfn barnanna	Allir starfsmenn	Sept. 2020	Júlí 2021	Skráning á eyðublað, myndir og texti í Book creator Endurmat: janúar 2021 Maí 2021	Öll börn hafi farið í stóra húsið og þekki sig til þar.
Sjálfs hjálpar	Æfing að klæða sig sjálf	Í hópstarfi leikum við okkur með fatnað, að klæða sig í	Hópstjóri í Bangsa- herbergi	Haust 2020 þegar hóparnir byrja	Starfs lok 2021	Með skráningu í myndum og orðum des 2020 maí 2021	Börn geti klætt sig í húfu, vettlinga og stígvél.
Málörvun	Að efla samskipta- hæfni og	Vinum markvisst með Gefðu 10!	Allir starfsmenn	Ágúst 2020	Júlí 2021	Dagleg skráning á eyðublað Markviss skráning á orðaforða	Að barn hafi náð viðmiðum í málþroska

	auka orðaforða	Vinum með myndakippu sem við berum um hálsinn.				Endurmat: des 2020 og maí 2021	við 2ja ára aldur
Sjálfsfelling	Koma til móts við áhugasvið barna	Þjóða upp á markvisst val	Þeir sem sjá um leik eftir hvíldina	Ágúst 2020	Júlí 2021	Skráningarblað með nafni, dagsetningu og hvað varð fyrir valinu. Mánaðarleg samantekt Endurmat í des 2020 og maí 2021	Að öll börn hafi fengið tækifæri til að velja verkefni.

Álfhóll

Skólaárið 2019 - 2020 gekk vel. Í ágúst 2019 færðist starfsfólk á milli deilda, byrjaði nýr hópur barna og starfsfólks.

Öryggi

Síðasta haust breyttum við þannig að hver hópstjóri er með sinn hóp fram að hvíld.

- **Styrkleiki:** Með því skapast meira öryggi fyrir bæði börn og starfsfólk.

Málörvun

Okkar aðal markmið síðasta vetur var að kenna börnunum að tala íslensku sem var gert með því að setja orð á athafnir, lesa, syngja, fara með þulur, fara í „Lubbastund“. Þetta er allt á „Tímalínu“.

- **Styrkleikar:** Starfsfólk vann markvisst eftir tímalínunni, mismunandi verkefni á hverjum degi, lagði orð á athafnir.



Sjálfsbjálp

Til að efla sjálfsbjálp hjá börnunum var í nóvember ákveðið að þau færu að ganga sjálf frá eftir máltíðir, það var flókið í fyrstu.

- **Styrkleikar:** Börnin voru áhugasöm. Starfsmenn hvöttu börnin áfram.



Í vor voru hólf og snagar lækkaðir í fataherbergi til að auðvelda börnunum að ná í útifötin sín og ganga frá eftir útiveru, starfsfólk hefur tileinkað sér að hvetja börnin og gefa þeim þann tíma sem þarf.



Starfsmannhópurinn jákvæður, tekur fullan þátt þegar að verið er að innleiða. Við gefum börnunum þann tíma sem þarf á meðan þau eru að tileinka sér nýtt, og leggja orð á athafnir.

Í febrúar, mars og apríl var starfsemin minni, fyrst verkfall og síðan samkomubann vegna Covid-19.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	við það? Hvernig framkvæmum	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfs hjálp	Börnin gangi frá eftir sig eftir matmáls- tíma	vagn og fötur í hæð barnanna	Deildastjóri allir starfsmenn	Sept. 2020	Júlí 2021	Skráning með myndum og orðum Endurmat: janúar 2021 Maí 2021	Að öll börn gangi frá eftir sig í matartíma
Sjálfs traust	Að börnin geti staðið fyrir framan hópin sinn	Börnin geti valið hvaða lag hópurinn syngur	Deildastjóri allir starfsmenn	haust 2020 þegar hóparnir byrja	Líkur í hópa starfs lok 2021	Með skráningu í myndum og orðum des 2020 maí 2021	Að börnin geti staðið örugg fyrir framan hóp
Málörvun í fataklefa	Að börnin bæti við (grunn) orðaforða sinn Að efla samskipta hæfni.	Myndræn gögn til staðar. Opnar spurningar. Virk hlustun og samskipti. Nægur tími og ró	Deildarstjóri allir starfsmenn	Ágúst 2020	Júlí 2021	Tras Deildarfundur Skráning með myndum og orðum Endurmat: des 2020 Maí2021	Að börnin geti notað algeng nafnorð um fatnað. Að börn geta spurt um aðstoð með orðum.

Dvergasteinn

Skólaárið 2019-2020 gekk vel. Í ágúst 2019 færðust börn og starfsfólk á milli deilda. Gekk aðlögunin vel. Nokkur starfsmannavelta var á deildinni, sérstaklega á haustönn.

Uppeldi til ábyrgðar

Að börnin læri að bera ábyrgð á sinni hegðun og geti sett sig í spor annarra. Viti hvaða grunnþarfir við höfum til að okkur líði vel.

- **Styrkleikar:** Börnunum gekk vel að setja sig í spor annarra og lesa í tilfinningar þeirra. Sýndu umhyggju, t.d með því að hugga hvort annað.

Sjálfsbjálþ

Mikil áhersla er lögð á að börnin læri að klæða sig sjálf fyrir útiveru og klósett þjálfun.

- **Styrkleikar:** Til að efla sjálfshjálp hjá börnunum. Í nóvember var ákveðið að þau færu að ganga sjálf frá eftir máltíðir, það var flókið í fyrstu, en hefur gengið vel.





Málörvun

Mikil áhersla er lögð á málörvun. Lesin er sama bókin alla vikuna.

- **Styrkleikar:** Tekið er orð úr bókinni og útskýrt hvað það þýðir. Þetta gekk mjög vel og voru börnin dugleg að hlusta á sögurnar og lærðu ýmis ný orð. Einnig sungum við mikið og fórum með þulu vikunnar og tóku börnin virkan þátt í því.

Lubbi finnur málbein sem hljóðainnlögn íslensku stafanna

- **Styrkleikar:** Börnin voru áhugasöm og yfirfærðu í stundirnar í daglegt starf, sungu lögin og sýndu áhuga á hljóðunum og stöfunum, sínum eigin og annarra. Þau lærðu táknið sem fylgja hljóðunum.



Sögugrunnurinn

- **Styrkleikar:** Börnin voru áhugasöm og voru mjög virk. Tóku virkan þátt í að búa til sögur. Lagt inn í gegnum Leikur að læra.



Stig af stig

- **Styrkleikar:** Börnin voru mjög áhugasöm og tileinkuðu sér tilfinningalæsi, þau áttu auðveldara með að setja sig í spor annarra og lesa í svipbrigði. Þau syndu mikla umhyggju og hugguðu hvort annað.

Hvíldin

Styrkleikar: Gekk vel í vetur eftir að við og skiptum börnunum upp í tvo hópa, vakandi hvíld og sofandi hvíld. Börnin sem sváfu hlustuðum á rólega tónlist. En börnin sem sváfu ekki lágu á dýnum og hlustuðu á ævintýri og sögur.

Í febrúar, mars og apríl var minni starfsemi, fyrst verkfall og síðan samkomubann vegna COVID - 19.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikur að læra	Að kenna í gegnum leikur að læra	Tvinna verkefnin úr tímalínunni inn í leikur að læra	Allir	Allt árið		Skráningar myndir og Deildafundir	Að börn og starfsmenn njóti og tileinki sér stundirnar.
Málörvun	Leggja orð á athafnir. Lestur bóka/ljóða söngur	Tala stanslaust í öllum stundum dagsins. Gefðu tíu.	Allir alltaf	Allt árið		Tras, EFI - 2 próf	Að börnin hafi öðlast aukinn orðaforða og sterkari hljóðkerfis- vitund
Sjálfs hjálp	Að börnin geti klætt sig, matast með hníf og gafli, gengið frá	Gefa börnunum góðan tíma og tækifæri til að gera sjálf.	Allir alltaf	Allt árið		Aðstoða börnin við að hjálpa sér sjálf	Að börnin geti klætt sig sjálf og matast með áhöldum og gengið frá eftir sig.
Félagsfærni	Tilfinningalæsi og geta sett sig í spor annarra	Sig af stigi og Uppeldi til ábyrgðar	Allir alltaf	Allt árið		Meta með matsblöðum þar sem börnin svara sjálf	Að börnin geti lesið í aðstæður, geti sett sig í spor annarra og sýnt umhyggju

Trölladyngja

Á Trölladyngju byrjuðu í haust 22 börn, en fjölgaði uppí 25 börn þegar líða fór á haustið.

Starfsmannastaða var góð. Samstarf kennara á Trölladyngju hefur gengið mjög vel, við höfum náð að samræma vinnubrögð og áherslur í starfi.

Við höfum haft gleði, vináttu og virðingu að leiðarljósi og unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar.

Fjarvistir settu svip sinn á vorönn vegna verkfalls og COVID -19.

Félagsfærni

Börnin fá tækifæri að velja leik eftir áhugasviði og þroska, t.d. í vali eftir hádegi. Börnin sjá um valstund sjálf og bjóða börnunum að velja sér svæði.

Börnin eru hvött til að taka ábyrgð og standa við ákvörðunina sem þau taka en hafa tækifæri til að breyta þegar áhugi og löngun á völdu verkefni hafa dalað. Við kennum börnum að stoppa, hlusta á aðra, taka tillit til annarra og setja mörk. Einnig að spyrja spurninganna „má ég fá?“ og „viltu rétta mér?“ svo dæmi séu tekin.



- **Styrkleikar:** Starfsmenn og börn Trölladyngju hafa náð að tileinka sér ný markmið og aðferðir í tengslum við félagsfærni, sjálfshjálp, lýðræði og mannréttindi. Það hefur skilað þeim árangri að börn og starfsfólk er öruggari í daglegum aðstæðum í leikskólanum þar sem allir eru öruggir með sitt hlutverk og hvað sé ætlast til af þeim.



Sjálfshjálp

Verkefni t.d. klæða sig, ganga frá eftir mat, vera þjónn eða veðurfræðingur. Ef þau t.d. hella niður, vita þau að þau þurfa að ná í pappír og þurrka sjálf upp bleytuna. Þetta hefur gengið mjög vel. Krakkarnir fá að velja þau leikföng sem þau langar að leika með.

-Hvetjum þau og styðjum til að gera sjálf, fá þau til að reyna sjálf áður en þau biðja um aðstoð bæði frá starfsmönnum sem og hjá hvort öðru.

Leiðbeinum á uppbyggilegan máta, hrósum, gefum þeim góðan tíma.

- **Styrkleikar:** Börnin á Trölladyngju hafa fengið tækifæri til mikillar sjálfshjálpar sem gengið hefur mjög vel t.d. að klæða sig sjálf, ganga frá eftir matar- og kaffitíma ásamt því að læra og þjálfast í almennri umgengni dagslegs starfs. Það hefur gengið mjög vel þar sem börnin hafa náð góðri færni í sjálfshjálpar sem sést t.d. í fataklefa, frágangi og umgengni.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni	Tjá tilfinningar sínar, í samskiptum við aðra. Hjálpa þeim að skilja aðra og eignast vini.	Með námenfninu Stig af stigi – verða þau læs á tilfinningar sínar og annarra. Að nota tilfinningaspjöld. Þarfahringurinn- að læra um eigin þarfir og setja sig í spor annarra. Að leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra. Frjáls leikur.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	2020-2021.	Myndskráning. Skráningarblað. Vinaskráning.	Að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.
Sjálfs hjálpi	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, jákvæðni og sjálfsmat. Traust barna.	Hrósum hvort öðrum. Hvetja börnin að gera sjálf og vinna saman.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	2020-2021.	Myndskráning. Skráningarblað.	Að börnin sjái sjálf hvað, hvernig og hverju þarf að ganga frá.

Skessuból

Á þessu skólaári / 2019-2020 / voru hjá okkur 16 börn fædd 2014 og 9 börn fædd 2015. Níu börn voru af erlendum uppruna. Starfsmannahald hefur verið ágætt á Skessubóli og voru þar átta starfsmenn en mannabreytingar urðu á miðjum vetri. Einnig hafa verið fjarvistir vegna verkfalls og COVID - 19. Samstarf kennaranna á Skessubóli hefur gengið mjög vel, við höfum náð að samræma vinnubrögð og áherslur í starfi, starfsmannahópurinn er frábær og vinnur mjög vel saman.

Félagsfærni

- er stór partur af starfinu á deild elstu barna. Við höfum lagt áherslu á að börnin fái tækifæri til að leysa úr sínum ágreiningsmálum sjálf og fá leiðbeiningu þess efnis óski þau þess.. Við hvetjum þau til að tala saman og hlusta á hvert annað. Við lásum Lífsgildi bækur til að efla siðvit barna, skapa þeim fyrirmyndir og hjálpa þeim að verða besta útgáfan af sjálfum sér, og áttum samtöl um falleg samskipti í samverustundum . Unnið var með kennsluefnið Stig af stigi í hópstundum þar sem þeim var kennt að leysa úr vanda.

- **Styrkleikar:** Kennarar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum, nálægir í leik, þannig að börnin fundu fyrir nánd okkar, þeim var kennt hvað var æskilegt og hvað óæskilegt. Samskipti okkar einkenndist af virðingu, jákvæðni , góðsemi , hjálpssemi og vináttu og börnin sá það í daglegu starfi. Starfsfólkið sýndi áhuga á því sem barnið var að segja , starfsfólkið notaði virka hlustun.

Unnið var með lífsleikni í hópum, notuðum kennsluefnið Stig af stigi 1 sinni í viku sem var fast í dagskipulaginu á deildinni. Sýndum börnunum virðingu – virtum skoðanir þeirra. Ræddum við börnin að maður þarf ekki að vera góður í öllu, það er allt í lagi. Sumir eru góðir í einu – aðrir í öðru. Börn þurfa að finna að skoðanir þeirra ,tilfinningar og þau skipta máli.

Frjálsi leikurinn var í gangi eftir hádegi og vinsælast var að byggja úr Lego, segulkubbum og öðru kubbaefni.

Efniviður var ýmis konar og fór eftir óskum barnanna ,var aðgengilegur og gátu þau alltaf náð í það sem þau vildu, allar hirslur merktar með mynd og texta þar sem það er auðvelt fyrir börnin að ganga frá.

Lagt hafði verið til að deildin skipti börnunum í fjóra hópa og nái þá að nýta öll svæði skólans, þrír hópar voru inni og sá hópur sem var í Stig af stigi fór út þegar þau voru búin með sitt verkefni, og þetta skapaði mikla ró í barnahópnum og tengsl milli þeirra og kennaranna. Lífsgildi bækur voru lesnar í hvíldinni . Í lok hverrar sögu eru nokkrar spurningar til þess að skapa umræðu og svara spurningum sem var skriflegt hjá okkur á skráningarblað. Kennari útskýrði gildin og benti börnunum á að svipaðar aðstæður heima og í leikskólanum væri svipað og í bókunum.

- **Tækifæri til umbóta:** Starfsmenn þurfa meiri tíma saman til að tala um börnin.



Sjálfssefning

- við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar t.d. í matartímum, á salerni og þau krossa á blað þegar þau eru búin að þvo sér og í fataklefanum.

- **Styrkleikar:** Sjálfshjálp með leiðbeiningu kennara: fá að vera þjónn, veðurfræðingur, afmælisbarn, klæða sig og ganga frá eftir mat.
Notuðum kennsluefnið Sögugrunn- til að koma fram og tjá sig.
Við ræðum við börnin það er ekki hægt að fá allt strax, stundum þurfum við að bíða. Við hrósum fyrir jákvæða hegðun og fyrir það sem vel er gert.
Frjálsi leikurinn var í gangi eftir hádegi og er það frábær leið til að taka eigin ákvörðun – að velja sjálf, og standa við það. Við hvetjum börnin áfram á þann hátt að við notum sem minnst „ekki“ frekar segjum „já ..ef“. Einblína á það sem börnin geta en ekki á það sem þau geta ekki. Við hvöttum þau til að gera sjálf, og fengu þau góðan tíma til þess.
Við leyfðum börnunum að taka þátt í að velja verkefni - taka ábyrgð á því sem þau eru að gera.



Gefðu 10 –

gekk ekki alveg vel en við vorum meðvituð um mikilvægi þess að tala við þau börn sem þurfa málörvun á hverjum degi en hefðum viljað tileinka okkur betur þetta verkefnið.

- **Tækifæri til umbóta:** Nota Gefðu 10 á markvissari hátt þar sem allir starfsmenn, í samheldnu átaki, vinna með sama barnið í einhvern tíma. Vera til staðar í leik barnanna og skapa aukið samtal um það sem verið er að gera, að fá barnið til að nota setningar með sífellt fleiri orðum í samskiptum. Fylgjast með barninu í leik og samskiptum og skrá niður og halda saman upplýsingum um það hvað var gert, halda þeim skráningum saman og njóta það við símat á málproska barnsins.

Aðalmarkmið okkar er að útskrifa glöð og sjálfstæð börn sem eru félagslega sterk og víðsýn, eru þátttakendur í samfélaginu og að þau hafi áhrif á samfélagið sem þau búa í.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar.	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni	Að börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti og þrói læsi í viðum skilningi. Tjá tilfinningar sínar, í samskiptum við aðra. Hjálpa þeim að skilja aðra og eignast vini. Að styrkja félagsleg tengsl.	Með námenfinnu Stig af stigi – verða þau læs á tilfinningar sínar og annarra. Að nota tilfinningaspjöld. Þarfahringurinn- að læra um eigin þarfir og setja sig í spor annarra. Að leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra. Frjáls leikur	Allir starfsmenn	Byrjun ágúst 2020- júlí 2021.	Myndskráning. Skráningarblað. Safna gögnum.	Að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Barnið er virkur þáttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.
Sjálfsþing	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfvirðingu, jákvæðni og sjálfsmat. Traust barna.	Hrósum hvort öðrum, hvarning. Hvetja börnin að gera sjálf og vinna saman. Að fækka neikvæðum skilaboðum, að virkja innri hvata og frumkvæði. Matartímar.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Byrjun ágúst 2020- júlí 2021.	Myndskráning. Skráningarblað.	Mitt og þitt hlutverk. Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, barnið læri að þekkja styrkleika og veikleika sína.

Uppbyggjandi samskipti milli starfsfólks og barna	Að samskipti séu enn meira uppbyggjandi. Að örva málþroska, auka samskipti, fjölga námstækifærum barnsins og skapa rými til virkrar þátttöku.	Gefðu 10 Að hafa skráningarblað í vasanum eða teygjur á úlnlið. Að festa vinnu með Gefðu 10 betur í dagskipulaginu.	Allir starfsmenn deildarinnar	Byrjun ágúst 2020-júlí 2021.	Skráningar – Gefðu 10 – 10 mín regla. Yfirfarið á deildarfundi, börn rædd og ákveðið hvaða barn þurfi mest á að halda meiri athygli og betri samskipti.	Samræður milli starfsmanna og barna. Að starfsfólk nái að tileinka sér samræður á markvissan hátt.
---	--	---	-------------------------------	------------------------------	--	---

3 Ytra mat

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Halda áfram innleiðingu á námsaðferðinni.	Fáum Kristínu sem sér um innleiðingu Leikur að læra til okkar, þannig að starfsfólk fái frekari handleiðslu.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og annað starfsfólk	Ágúst	Júlí	Við munum nota skráningar í dagskipulaginu hjá hverjum barnahóp.	Að allir hópar fari að minnsta kosti 2 sinnum í viku í Leikur að læra.
Uppeldi til ábyrgðar	Höldum áfram að vinna eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar	Sendum starfsmenn á námskeið	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og annað starfsfólk	Ágúst	Júlí	Að aðferðin uppeldi til ábyrgðar festist í sessi.	Að starfsfólk tileinki sér aðferðir uppeldi til ábyrgðar.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl í febrúar en því miður tókst ekki að taka alla starfsmenn í viðtal vegna verkfalls og COVID-19. Þeir starfsmenn sem fóru í samtölin fengu blað með spurningum til að undirbúa sig sem og leikskólastjórinn. Viðtölin voru tekin inná skrifstofu, þar sem miðað var við að hvert viðtal tæki um 30 mín.
- Starfsmenn leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. TRAS, Leikur að læra, Atferlisþjálfunarnámskeið, Skráningarnámskeið, EFI – 2 málproskapróf og Uppeldi til ábyrgðar.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Því miður var ekki mikil samvinna á milli þessara eininga á þessu skólaári vegna óviðráðanlegra orsaka. En þó fóru elstu og næst elstu börnin á leiksýningar í Breiðholtsskóla, elstu börnin fóru í íþróttir og nemendur frá Breiðholtsskóla tóku þátt í starfi leikskólans á vordögum.

6 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð og -félag er kosið á foreldrafundi að hausti. Þetta árið voru fimm foreldrar í foreldraráðinu en í foreldrafélaginu voru fjórir foreldrar. Ráðin hittust eftir þörfum, þar sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tengiliðir þeirra.
- Foreldrafundur var haldinn að hausti í hátíðarsal Breiðholtsskóla. Eins og áður var gerð könnun á því hversu marga túlka og hvaða tungumál foreldrar óskuðu eftir.
- Þá voru haldnar minni kynningar á starfi deildana, en þær kynningar voru haldnar að morgni og gaf það góða raun.
- Foreldraviðtöl voru með breyttu sniði þetta skólaárið. Á haustönn var boðið uppá viðtal í leikskólanum en á vorönn var boðið uppá fjarviðtal eða símaviðtal.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2019 - 2020

- Við vorum með fjóra starfsdaga skólaárið 2019 – 2020, þar sem meðal annars var farið í Uppeldi til ábyrgðar, Leikur að læra og fyrirlestur frá KVAN svo dæmi séu tekin. En eins og áður sagði féllu tveir starfsdagar niður hjá okkur á Bakkaborg vegna verkfalls og COVID – 19.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2020 – 2021

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Bakkaborg**

AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 Þ	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 Þ	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Þ	16 S	16 M	16 F	16 S
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 S	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 M	23 L	23 M
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ	29 M
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M	31 L	31 L	31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M		

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Bakkaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gunnhildur Karlsdóttir Rocksén
Bergrós Elín Hilmarsdóttir
Jón Blöndal
Margrét Lúthersdóttir
Jóhanna María Svövudóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

